

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framan- greindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftir- breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 16.

28. janúar 1975.

AUGLÝSING

um útgáfu Lyfjaverðskrár II.

Frá og með 1. febrúar 1975 tekur gildi ný Lyfjaverðskrá II. Jafnframt fellur úr gildi Lyfjaverðskrá II frá 1. okt. 1974.

Birtist þetta hér með til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. janúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 17.

3. febrúar 1975.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs eru eftirfarandi reglur settar um umferð í Reykjavík:

1. Bannað verður að leggja bifreiðum í Eyrarlandi, Hörgslandi, Óslandi og Stjörnugróf.
2. Norðurfell og Suðurfell verða aðalbrautir.

Framangreindar reglur taka gildi 15. þ. m.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 3. febrúar 1975.

Sigurjón Sigurðsson.